

**Stjórn byggðasamlags UTU - 101. fundur
haldinn að Laugarvatni, miðvikudaginn 24. maí 2023
og hófst hann kl. 11:30**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri

Dagskrá:

1. Sumarfrí, lokun skrifstofu - 2305065

Síðustu ár hefur skrifstofa UTU verið lokað að hluta í júlí og ágúst. Lagt er til að skrifstofa UTU verði lokað í fjórar vikur í sumar, frá 17. júlí til og með 11. ágúst. Samþykkt samhljóða.

Samþykkt

2. Facebooksíða embættisins - 2305066

Lagt til að facebooksíðu embættisins verði lokað í ljósi þess að síðan er ekki að nýtast starfseminni né að ná til notenda. Einnig hefur verið tekin í notkun rafræn þjónustugátt þar sem notendur geta nálgast gögn, sótt sér þjónustu og haft örugg samskipti. Samþykkt samhljóða.

Samþykkt

3. Samningar - 2305067

Skrifstofustjóri hefur verið að vinna að því að yfirfara samninga sem embættið er með og segja upp samningum og aðgöngum sem ekki er verið að notast við. Þegar þessari vinnu er lokið munu samningar verða endurskoðaðir.

Samþykkt

4. Starfsmannamál - 2305068

Skrifstofustjóri fór yfir starfsmannamál og sagði frá því að ritari skipulagsfulltrúa hefur sagt upp störfum. Jafnframt liggur fyrir ósk um breytingar í starfi, í hlutastarf. Stjórn samþykkir tillögur skrifstofustjóra um að ritarastarf breytist í hlutastarf ef það hefur ekki áhrif á fjölda stöðugilda né áhrif á fjárhagsáætlun. Farið yfir skipurit embættisins, tillaga um að skipurit sviða UTU verði samræmd, þ.e.a.s. það verða tveir aðstoðarmenn á hvoru svið og myndað flæði á milli sviða í störfum ritara. Ritarastarf mun verða auglýst laust til umsóknar.

Samþykkt samhljóða.

Stjórnarformaður lagði fram ráðningarsamning við skrifstofustjóra til staðfestingar í samræmi við umræður og bókun stjórnar á 99. fundi stjórnar.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi samning samhljóða.

Samþykkt

5. Önnur mál - 2305069

Skrifstofustjóri leggur til að samhliða manna- og skipulagsbreytingum verði skoðaður sá mögulegi að símsvörun verði gerð meira sjálfvirk og nákvæmari án þess þó að sleppa persónulegu snertingunni.

Samtök tæknimanna sveitarfélaga SATS hafa óskað eftir því að ársþing samtakanna árið 2024 verði haldið á starfsvæði UTU með aðkomu embættisins og aðildarsveitafélaga þess. Stjórn tekur jákvætt í beiðnina og felur skrifstofustjóra að vinna málið áfram.

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:30

—

Helgi Kjartansson

Walter Fannar Kristjánsson

Björn Kristinn Pálmarsson

Jón Bjarnason

Haraldur Þór Jónsson

Ísleifur Jónasson

Undirritunarsíða

fulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps
Björn Kristinn Pálmarsson

fulltrúi Bláskógabyggðar
Helgi Kjartansson

fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Haraldur Þór Jónsson

fulltrúi Hrunamannahrepps
Jón Bjarnason

fulltrúi Ásahrepps
Ísleifur Jónasson

fulltrúi Flóahrepps
Walter Fannar Kristjánsson